

## Hreppsnefndarbragur:

Það hafa ýmis stórtíðindi gerst á kjörtímabili núverandi hreppsnefndar.

Fyrir gestakomu geimvera, sem svo aldrei varð, voru sameiningarmálin efst á baugi.

Í umræðunni um sameininguna voru ýmis orð látin falla og á eftir að koma í ljós hvort hægt verður að standa við þau öll.

Það er kannski fullsagt að einhverjir hafi lofað að éta hattinn sinn ef sameining kæmist ekki á en við skulum gera að því skóna að svo hafi verið.

**Það má um hann Nonna minn segja það satt**

**þá sérlega prúður að vanda,**

**hann ætlar að éta sinn albesta hatt**

**og allt saman við það að standa.**

**Nú eigum við Ólsa að kyssa og kjá**

**og kannski við dönsu á Klifi**

**en mestu þó skiptir mín einasta þrá**

**að miðbærinn verði á Rifi.**

Það voru ekki allri sammála því að ganga í eina sæng með erkifjendunum í Ólafsvík. Einarðir stuðningsmenn sameiningarinnar og andstæðingar þeirra skiptust á skoðunum. Víða var heitt í kolum og hávaði mikill. En einn var sá maður sem aldrei var viss og átti í stökustu sálarkreppu síðustu dagana fyrir atkvæðagreiðsluna miklu.

Svo kom að atkvæðagreiðslunni og mönnum var skýrt uppálagt af kjörstjórn að setja X-ið annað hvort við Já eða Nei, eða skila auðu ella.

**Hann Ómar ei vissi sem vonlega var**

**hvort vildi hann Ólsana þiggja,**

**hann vildi það hérna en alls ekki þar**

**það átti víst fyrir að liggja**

**að greiða um haustið eitt atkvæðafjöld**

**og gera sinn hug upp í næði**

**en kvölin hann Ómar hann kom þetta kvöld**

**og krossaði X-ið í bæði.**

Það má um Gunna Má segja að hann hafi á kjörtímabilinu tekið sér marg fyrir hendur, verið mikið á ferðinni og komið víða við.

Vikurnám og vatnsútflutningur hefur átt hug hans og hjarta En hvers vegna?

**Enginn hér vissi eitt einasta þar**

**hvað ætlað' um Gunna að verða**

**hann sást stundum hérna og stundum var þar**

**það var ekkert stopp milli ferða**

**eitt kvöldið hann kappfullur kom inn til mín**

**og kvaðst myndi víninu hafna**

**"því vatnið er betra, mér vitraðist sýn**

**ég verð því á flöskur að safna."**

Einn er sá hreppsnefndarmaður sem gengur beina leið að öllu sem hann gerir. Hvort heldur það eru landnámsstílaunir á Ingjaldshóli, eða viðbygging við Blómsturvellir. En það er ekki þar með sagt að allt renni þetta ljúft gegnum hendurnar á samstarfsmönnum hans í hreppsnefndinni.

**Óttar hann byggir "sitt" beinustu leið**

**og beygjurnar aldrei hann tekur**

**að búðinni leiðin er asskoti greið**

**og Óttar er alls ekki frekur,**

**en viljann hann beygði hjá byggingarnefnd**

**sem barasta lokaði augum .**

**Víst er það þorpinu þráfaldleg hefnd  
að þeir skyldu fara á taugum.**

Að undansögðu má heyra að það er oft engin sælutíð að starfa í hreppsnefnd með þeim félögum sem getið var um hér að framan. Misjafnar eru mannanna gerðir og menn taka hlutin misjanflega mikið nærri sér. Sagt er að Óli Rögg sér létt kærulaus og láti nú málin ekki mikið á sig fá. En ég er á öðru máli.

**Þótt þrákálfar þekkist á þessari storð  
þá eiga þeir enga sér líka  
hann Ólafur á ekkert einasta orð  
þó ekkert sé hann því að flíka  
en útlitið ber með sér þrautir og þján  
svo þreyta hann meðbræður kærur  
og eilífðarfundir með allskonar smán  
alhvíta gerðu hans hæru.**